



Samþykktir

Samþykktar á ársfundi sjóðsins 6. maí 2010~~28. maí 2009~~

A. Sameiginleg ákvæði

I. Kafli

Hlutverk, skipulag og stjórn sjóðsins

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Stapi, lífeyrissjóður
Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

2. Hlutverk sjóðsins og deildaskipting

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.
- 2.2. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tryggingadeild og séreignardeild. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hverrar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr.129/1997, og á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995. Tryggingadeild sjóðsins tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.4. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja og efla þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykka þessara.

3. Aðildarfélög, fulltrúaráð og ársfundur.

- 3.1. Aðildarfélög sjóðsins geta verið stéttarfélög, starfsmannafélög og samtök launagreiðenda.
- 3.2. Neðangreind stéttarfélög og starfsmannafélög eru aðildarfélög sjóðsins fyrir hönd launamanna:

AFL, Starfsgreinafélag
Aldan, stéttarfélag
Eining-Iðja, Eyjafirði
Fagfélagið
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Framsýn, stéttarfélag
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Hrótfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslu

- 3.3 Neðangreind samtök launagreiðenda eru aðilar að sjóðnum fyrir hönd launagreiðenda:
- Samtök atvinnulífsins
- 3.4 Umsókn stéttarfélags, starfsmannafélags, eða samtaka launagreiðenda um aðild að sjóðnum skal vera skrifleg og skal sjóðstjórn svara aðildarumsókn skriflega innan 3ja mánaða frá því að hún barst sjóðnum. Úrsögn aðildarfélags úr sjóðnum skal á sama hátt vera skrifleg og skal hún tilkynnt með minnst 6 mánaða fyrirvara. Innganga eða úrsögn aðildarfélags skal samþykkt af stjórn sjóðsins.
- 3.5 Allir þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins teljast sjóðfélagar. Sama gildir um þá sem njóta elli- og örorkulífeyris frá sjóðnum.
- 3.6 Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum launamanna og atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum. Fulltrúar launamanna skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag launamanna að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.2 kýs úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn umfram það, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 50 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með atvinnu- eða þjónustustarfsemi, með tilliti til iðgjaldgreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver. Heimilt er að telja fyrirtæki sem gera samstæðuuppgjör sem einn aðila m.t.t. þessarar greinar. Samtök launagreiðenda, sem aðild eiga að sjóðnum skv. grein 3.3, skulu tilnefna þá fulltrúa, sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu, í hlutfalli við iðgjöld aðildarfyrirtækja/stofnana sinna. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að næsta ársfundi. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.
- 3.7 Í atkvæðagreiðslum, sem fara fram á ársfundi, eða aukafundum fulltrúaráðs, skulu fulltrúar launamanna og atvinnurekenda fara með helming atkvæða, hvorir um sig, án tillits til fjölda fulltrúa á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar atvinnurekenda og launamanna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögsmæt.
- 3.8 Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 3.9 Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar ef aðildarfélag sjóðsins krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

- 3.10 Á ársfundi skal taka fyrir:
- 3.10.1 Skýrslu stjórnar
 - 3.10.2 Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt
 - 3.10.3 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
 - 3.10.4 Stjórnarkjör skv. 4. grein. Fulltrúar stéttarfélaganna í fulltrúaráði skulu kjósa aðal- og varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á aðal- og varamönnum í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
 - 3.10.5 Kosningu löggilts endurskoðanda, eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
 - 3.10.6 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.
 - 3.10.7 Tillögu um laun stjórnarmanna.
 - 3.10.8 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

4. Stjórn.

- 4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Þrír skulu kosnir af launamönnum og þrjár af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarfélaganna sjóðsins skv. grein 3.3.
- 4.2 Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári. Það ár sem fulltrúar launamanna kjósa tvo menn í stjórn, tilnefna fulltrúar launagreiðenda einn mann og það ár sem fulltrúar launamanna kjósa einn mann, tilnefna fulltrúar launagreiðenda tvo menn. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.
- 4.3 Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt
- 4.4 Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og launamanna hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 4.5 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu
- 4.5.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 4.3. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi
- 4.5.2 Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6 Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2 Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
- 4.7.1 Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi eða horfið úr stjórn

II. Kafli Fjármál

5. Reikningar og endurskoðun.

- 5.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

6. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 6.1 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- 6.2 Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma og gildir það um allar deildir sjóðsins.
- 6.3 Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. grein 3.10.3. Mismunandi deildir sjóðsins geta haft mismunandi fjárfestingastefnu.
- 6.4 Rekstur deilda sjóðsins skal vera fjárhagslega aðskilinn. Sameiginlegum kostnaði skal skipt milli deilda með eðlilegum og ótvíræðum hætti, í hlutfalli við umfang hverrar deildar, samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.
- 6.5 Heimilt er að bjóða upp á mismunandi verðbréfasöfn innan deilda sjóðsins, sem hafa mismunandi fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna og eignasamsetning einstakra verðbréfasafna skal þó ávallt vera innan þeirra marka sem fjárfestingarstefna, samþykktir sjóðsins og lög nr. 129/1997 heimila.
- 6.6 Heimilt er sjóðnum, að eiga fasteignir undir skrifstofur sínar.

III. Kafli Framsal, eftirlit og gerðardómur

7. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

- 7.1 Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

8. Málsmeðferð og gerðardómur.

8.1 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Stapa lífeyrissjóði og oddamanni tilnefndum af Héraðsdómi Norðurlands eystra. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

9. Eftirlit.

9.1 Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.

IV. Kafli

Breytingar á samþykktum, slit og samruni

10. Breytingar á samþykktum.

- 10.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins skal minnst tveimur vikum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins tillögur um breytingar á samþykktum til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 eða samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 10.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að bera þær undir ársfund, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerð. Stjórn er einnig heimilt að breyta ákvæðum 6. greinar um fjárfestingarheimildir sjóðsins ef breytingar verða á 36. grein laga nr. 129/1997. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessari grein skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.
- 10.3. Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

11. Sameining við annan sjóð, samningar um tryggingavernd og rekstur

- 11.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna viðkomandi lífeyrissjóða. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Samrunasamningur milli sjóðsins og annarra lífeyrissjóða, skal hljóta samþykki árs- eða aukafundar með sama hætti og breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 11.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að selja öðrum sjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra sjóði um einstaka þætti tryggingaverndar.
- 11.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um að sjóðurinn sjái um rekstur þeirra, sjóðirnir hafi sameiginlegt skrifstofuhald eða hafi samstarf um rekstur og ávöxtun fjármuna. Við gerð slíkra samninga skal þess gætt að rekstrarkostnaði sé skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli aðila og í samræmi við samkomulag stjórnna viðkomandi sjóða. Sama á við um skiptingu á ávinningi eða tapi ef um samstarf um ávöxtun fjármuna er að ræða.

12. Slit á sjóðnum

- 12.1 Við ákvörðun um slit á sjóðnum þarf 75% atkvæða í báðum hlutum fulltrúaráðs á árs- eða aukafundi sjóðsins. Að öðru leyti fer um slit sjóðsins skv. X. kafla laga nr. 129/1997.

13. Gildistaka

- 13.1 Samþykktir þessar gilda frá ~~6. maí 2010~~ ~~1. janúar 2007~~ að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

B. Tryggingadeild

V. Kafli
Hlutverk, aðild og sjóðfélagar

14. Hlutverk

14.1 Tryggingadeild sjóðsins veitir lágmarkstryggingavernd í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og kjarasamninga, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

15. Aðild og sjóðfélagar

15.1 Sjóðfélagar í tryggingadeild sjóðsins skulu vera, allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa í starfsgrein þar sem kjarasamningar aðildarféлага sjóðsins skv. greinum 3.2 og 3.3 ákvarða lágmarkskjör, sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 129/1997.

15.2 Heimilt er launamanni að gerast sjóðfélagi, enda þótt hann starfi ekki í starfsgrein þar sem kjarasamningar aðildarféлага sjóðsins ákvarða lágmarkskjör, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

15.3 Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í tryggingadeild sjóðsins. Þá er atvinnurekanda á starfssvæði sjóðsins, heimilt að gerast sjóðfélagi. Í sambandi við biðtímaákvæði 19-21. gr. skal réttindatími manns, er notar sér heimildarákvæði þessarar málsgreinar til að gerast sjóðfélagi, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá einstaklinga, sem starfa á starfssviði, sem kjarasamningur tekur ekki til eða ráðningarbundin starfskjör eru ekki að neinu leyti byggð á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að tryggingadeild sjóðsins.

15.4 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

15.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita íslenskum launamönnum sem starfa erlendis, s.s. sjómönnum sem starfa á skipum skráðum erlendis, aðild að sjóðnum, enda komi þá réttindi aðeins fyrir þau iðgjöld sem sjóðnum berast þeirra vegna.

15.6 Launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem gerast aðilar að sjóðnum á grundvelli ákvæða 15.2-15.5 skulu greiða lágmarksíðgjald til sjóðsins í samræmi við ákvæði gr. 16.1.-16.3

VI. Kafli

Iðgjöld og grundvöllur lífeyrisréttinda

16. Iðgjöld.

16.1 Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% af launum sjóðféлага 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar

samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins. Sjóðfélagá er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um ofan áðurgreinds lágmarks enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélagá og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning.

- 16.2 Lágmarksiðgjald samkvæmt 16.1 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1.tl. A-liðar 7.gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaði, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga. Ennfremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélagá og bætur tryggingafélagá vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 16.3 Iðgjaldastofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2.mgr. 1.tölul. A-liðar 7.gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58.gr. þeirra laga.
- 16.4 Launagreiðanda ber að halda eftir að lágmarki 4% iðgjöldum, sbr. 16.1, af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti frá gjaldalagi að telja skv. lögum nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilagrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjaldshlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar.
- 16.5 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 16.6 Iðgjöld sjóðfélagá, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélagá við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 16.7 og 16.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélagá vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á skv. 10. gr. laga nr. 88/2003.
- 16.7 Tvisvar á ári skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélagá að gera án tafar athugasemdir, ef

vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

- 16.8 Senda skal lokaaðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að iðgjaldskrafa sé ótrygg.
- 16.9 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 16.10 Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 16.11 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið, að iðgjöld samkvæmt 16.1 skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. 20.6. Þessari skiptingu skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið eða aðilar gert með sér nýtt samkomulag.

17. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 17.1 Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka B, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 18.-20. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Reikna skal nýjar töflur árlega á sama tíma og

tryggingafræðileg staða sjóðsins er reiknuð. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá, enda samþykki ársfundur tillögu þar um.

- 17.2 Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 17.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 18-21. gr., sbr. þó gr. 17.3 – 17.6.
- 17.3. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum miðað við árslok 2004 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2004. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga, sem er á aldrinum 25 til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Hafi iðgjaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglad venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldsgreiðslum sjóðfélagans. Viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.
- 17.4 Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2004 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. 17.3 sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal skipta því á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist. Sá hluti iðgjalda sem er umfram viðmiðunariðgjaldið ávinnur honum réttindi skv. töflu I í viðauka A
- 17.5 Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 19.-20. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi. Í framreikningi skal viðmiðunariðgjald sjóðfélaga miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er í viðmiðunarmánuði framreiknings.

- 17.6 Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan þriggja mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. janúar 2007. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.
- 17.7 Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. júlí 2005. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá gildistöku samþykka þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.
- 17.8 Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðunum heimilt að halda samræmda tölvuskra um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 17.9 Áunnin réttindi eins og þau eru skilgreind í 18.-21. gr. og reiknuð samkvæmt greinum 17.2-17.8 skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers tímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings sbr. gr. 19.12.a og 20.5.a og minkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum. Breyting réttinda skv. framanskráðu skal færð í réttindabókhald sjóðsins miðað við síðasta mánuð þess tímabils sem tryggingafræðileg úttekt skv. VIII.kafla samþykka þessara tekur til, þannig að hækkun eða lækkun lífeyrisgreiðslna taki gildi frá og með næsta mánuði frá ársfundi.. Réttindabreytingar koma fram í viðauka C.
- 17.10 Uppsöfnuð áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Austur-lands þann 30.06.2005 og uppsöfnuð áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Norðurlands þann 31.12.2006 skulu varðveitt skv. þeim

réttindareglum sem giltu þann dag í hlutaðeigandi lífeyrissjóðum. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti fyrir ofangreind tímamörk fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 18.2. og 18.3. eins og sýnt er í töflum II og III í viðauka A.

- 17.11 Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs 230 nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein. Skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

VII. Kafli

Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur í tryggingadeild

18. Ellilífeyrir.

- 18.1 Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 70 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 17. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 18.2 Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 18.3 Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur þá lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur þegar taka lífeyris hefst. Lækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 18.4 Við töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira.
- 18.5 Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn og þá án sérstakrar umsóknar. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 20. greinar.

- 18.6 Ellilífeyrir er greiddur út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur ellilífeyrir er verðtryggður og breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Réttur til ellilífeyris fellur niðu við andlát .
- 18.7 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að:
- Áður en lífeyristaka hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, þannig að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
 - Þannig að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagsins taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

19. Örorkulífeyrir.

- 19.1 Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira til almennra starfa á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 17. gr. og nánari skilmála þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.
 - greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
 - ekki sjálfur átt þátt í orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hafi til orkutapsins.

- 19.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 19.1 um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki

rakin til tíma aftur fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

- 19.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 21 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, svo kallaðar viðmiðunartekjur, sbr. a) lið gr. 19.5. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2007 sbr. einnig a) lið gr. 19.5 í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarsamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs. Sé þetta fjögurra ára meðaltal sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla er sjóðsstjórn heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að 8 ár aftur í tímann í samræmi við reglu í a.lið gr. 19.5. Samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skal fara fram árlega eða oftár. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað þ.m.t. að heimila aðgang sjóðsins að staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra á hverjum tíma, á rafrænu formi. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar. Veiti sjóðfélagi rangar eða villandi upplýsingar um tekjur sínar þ.m.t. vegna tekna sem ekki hafa verið gefnar upp til ríkisskattstjóra, er heimilt að skerða eða fella niður lífeyri til viðkomandi sjóðfélaga.
- 19.4. Þegar skilyrði 19.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 17. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 19.5. Framreikningur skv. 19.5 er misjafn eftir aðstæðum sjóðfélaga, en sjóðfélagar sem búa við sambærilegar aðstæður fá þó ávallt sambærilegan framreikning. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 19.5. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 19.4., skal um framreikninginn fara skv. staflíðum a-e þessarar greinar, eftir því sem við á í tilviki hvers sjóðfélaga fyrir sig:

a. Reglubundnar iðgjaldagreiðslur.

Hafi iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs og/eða annarra lífeyrissjóða verið reglubundnar skal framreikna með því leggja til grundvallar reiknað meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið til að meta tekjutap vegna ókomins tíma skv.gr. 19.4. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald. Þessar takmarkanir á fjárhæðum vegna framreiknings eiga við um allar tegundir framreiknings skv. grein þessari (liðir a-e).

- b. Breyttar forsendur vegna breytinga á starfi.
Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 19.4. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
- c. Stopular iðgjaldagreiðslur.
Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svaraði til kr. 42.000 iðgjalds fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími, til að meta tekjutap skv. gr. 19.4, stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa verið lægri en kr. 42.000 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóðsins.
- d. Skert starfsorka fyrir greiðslu iðgjalda til sjóðsins.
Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal, til að meta réttindi vegna ókomins tíma skv. 19.4, reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal.
- e. Sjúkdómar sem til staðar voru við greiðslu iðgjalds.
Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð réttindi, til að meta tekjutap skv. 19.4, aldrei reiknast meiri

en þau réttindi sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér í lífeyrissjóðnum fram að orkutapi. Við mat á sjúkdómum í þessu sambandi skal miðað við breiða flokkun sjúkdóma (yfirflokka).

- 19.6 Greiði sjóðfélagi iðgjald eftir að hann hefur verið úrskurðaður öryrki og á sama tíma og örorkan varir, hvort heldur er hjá þessum lífeyrissjóði, öðrum lífeyrissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins, mynda slík iðgjöld ekki réttindi til örorkulífeyris, nema hlutfallslega að því marki sem úrskurðað orkutap viðkomandi sjóðfélagi var lægra en 100%, enda sé tilefni örorku annað en við fyrri úrskurð. Í þeim tilfellum þegar um sama tilefni örorku er að ræða mynda téð iðgjöld ekki réttindi til örorkulífeyris.
- 19.7. Örorkulífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið sbr. þó 19.1.
- 19.8. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap varir skemur en í sex mánuði.
- 19.9. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann í samræmi við reglur um örorkumat sbr. gr. 19.10. Mat á missi starfsorku er læknisfræðilegt mat og skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd, enda sé metin örorka til almennra starfa 50% eða meiri. Eftir fyrstu 3 árin skal orkutap metið á ný og þá alfarið með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til. Skert starfsorka sem til er komin áður en sjóðfélaginn hóf greiðslur til sjóðsins myndar ekki rétt til örorkulífeyris frá sjóðnum jafnvel þótt sjóðfélagi hafi ekki notið örorkubóta vegna hennar.
- 19.10 Örorkumat skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, tryggingalækni eða teymi sérfræðinga sem hefur fagþekkingu á þessu sviði. Örorkumat skal miðast við læknisfræðilegar forsendur og fylgja reglum um örorkumat sem settar hafa verið. Við mat á orkutapi skal sérstaklega líta til þess hver starfshæfni og vinnugeta viðkomandi umsækjanda er og möguleikar hans til að ná aftur bata og starfsgetu með réttri endurhæfingu
Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins eða öðrum lækni eða heilbrigðisstarfsmanni sem hann vísar til. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélagi og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Sama gildir ef fullnægjandi upplýsingum er ekki skilað við endurmat á örorku sbr. gr.19.9.
Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis eða fagaðila að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu. Sjóðnum er

heimilt í þessu skyni að gera samninga við endurhæfingaraðila um endurhæfingu örorkulífeyrisþega og taka þátt í kostnaði við endurhæfinguna. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að greiða örorkulífeyrisþega sem tekur þátt í endurhæfingu allt að óbreyttum lífeyri á þeim tíma sem samningur um endurhæfingu stendur, þrátt fyrir ákvæði 19.3 um tekjuathuganir og 19.11 um breytingar á orkutapi. Í örorkumati er heimilt að krefjast þess að metið sé sérstaklega hvort sjóðfélaginn geti náð starfsorku á ný með réttri endurhæfingu og þá að hve miklu leyti í hundraðshlutum talið. Ef svo er, þá skal fylgja í örorkumatinu endurhæfingaráætlun fyrir sjóðfélagann, sem honum ber að fara eftir. Sjóðurinn getur krafist þess að sjóðfélagi leggi fram með reglulegu millibili vottorð lækna og/eða annarra meðferðaraðila um þátttöku í endurhæfingu. Sinni sjóðfélagi ekki endurhæfingu í samræmi við endurhæfingaráætlun eða leggi hann ekki fram tilskilin vottorð er sjóðnum heimilt að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur til sjóðfélagans framvegis þannig að þær reiknist út frá þeirri forsendu að sjóðfélaginn hefði náð öllum þeim bata, sem endurhæfingaráætlunin gerði frekast ráð fyrir.

- 19.11. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 19.12. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 19.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:
- framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
 - réttinda sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt greinum 16.10 og 18.7.

20. Makalífeyrir.

20.1 Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur til tryggingadeildar sjóðsins og uppfyllir a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrði:

- naut elli- eða örorkulífeyris úr tryggingadeild sjóðsins
- hafði greitt til tryggingadeildar sjóðsins a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum
- hafði greitt til tryggingadeildar sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum

og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum meðan skilyrði 20.3, 20.4, eða 20.5 eru uppfyllt.

- 20.2 Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í 36 mánuði og að hálfu í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum 20.3, 20.4 eða 20.5, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátíð.
- 20.3 Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 20 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 20 ára aldri yngsta barnsins. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn veitir sama rétt.
- 20.4 Sé maki sjóðfélaga að minnsta kosti 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, þó ekki lengur en til 67 ára aldurs, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára við andlát sjóðfélaga.
- 20.5 Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 18.7 (um skiptingu ellilífeyrisréttinda). Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
- framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarksmakalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.
- 20.6 Maki sjóðfélaga samkvæmt þessari grein telst sá, eða sú sem var í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, sem mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

21. Barnalífeyrir

- 21.1 Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni
- greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátíð eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða

b.notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að hafa hliðsjón af efnisreglu greinar 19.2.

- 21.2 Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 21.3 Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. 21.1 greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann fellur niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorku-lífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.
- 21.4 Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 21.5 Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 21.6 Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörborn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi vilýrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingarleyfis.
- 21.7 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs barnsins.
- 22. Iðgjaldagreiðslur falla niður.**
- 22.1 Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 22.2 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó 22.1.
- 23. Endurgreiðsla iðgjalda.**

- 23.1 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingaverndar sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu að mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.
- 23.2 Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 16.1, og 17.4, skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélagi og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Skal endurgreiðslan eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, sbr. þó ákvæði gr. 23.3.
- 23.3 Heimilt er sjóðnum að leggja iðgjöld sem greidd eru sjóðnum vegna þeirra sem eru yngri en 16 ára eða eldri en 70 ára inn á reikning í eigu viðkomandi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins. Skal þá greiða bæði iðgjald sjóðfélaga og mótframlag launagreiðanda inn á reikning sjóðfélagans. Skal tilkynna viðkomandi sjóðfélagi um slíka ráðstöfun og er sjóðfélaganum þá heimilt að taka slíka greiðslu út úr séreignadeildinni í allt að 5 ár frá því slík ráðstöfun er gerð. Sé ekki sótt um slíka endurgreiðslu innan þess tíma fer um endurgreiðsluna eftir almennum ákvæðum séreignardeildarinnar.
- 24. Réttindaflutningar, brottfall aðildar og samningar um gagnkvæm réttindi**
- 24.1 Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að tryggingadeild sjóðsins fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast skv. samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð. Telst sá sem réttindin átti þá ekki lengur til sjóðfélaga í sjóðnum, enda sé hann ekki aðili að öðrum deildum sjóðsins.
- 24.2 Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði.
- 25. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**
- 25.1 Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli umsóknar á umsóknareyðublöðum, frá sjóðnum. Skylt er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi

atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum.

- 25.2 Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 25.3 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal miðast við réttindareglur eins og þær eru á þeim tíma sem umsókn er lögð inn til sjóðsins og greiðist lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir eða verðbætur greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur aftur í tímann. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 18.3 greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Heimilt er sjóðstjórn að greiða lífeyri sem eingreiðslu til sjóðfélaga sem búsettir eru erlendis, enda sé talið að sjóðurinn eigi erfitt með upplýsingaöflun um hagi viðkomandi sjóðfélaga sem nauðsynlegar eru til greiðslu reglubundins mánaðarlegs lífeyris. Skal þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 25.4 Komi fram nýjar upplýsingar sem gera það að verkum að breyta þarf úrskurði aftur í tímann þannig að greiða þurfi lífeyrisþega hærrí lífeyri en ráð var fyrir gert skv. fyrri úrskurði skal greiða hinn leiðrétt lífeyri verðbættan skv. vísitölu neysluverðs til þess tíma er hann kemur til greiðslu. Ekki greiðast vextir á leiðréttar lífeyrisgreiðslur. Gildir þetta einnig um leiðréttingar sem eru tilkomnar vegna breytinga á úrskurði á grundvelli niðurstöðu gerðardóms í samræmi við ákvæði 8. greinar eða almennra dómstóla.
- 25.5 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

VIII. Kafli

Tryggingafræðilegar athuganir

26. Tryggingafræðileg athugun.

- 26.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.3. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu

Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.

- 26.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Lífeyrisloforð sjóðsins til framtíðar skulu árlega endurskoðuð og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði greina 17.1., en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum gr. 27.3. og 27.4.
- 26.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að auka áunnin lífeyris réttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 18.–21. gr. þessara samþykka, eru augin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.
- 26.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkingu lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 18.–21. gr. þessara samþykka, hlutfallslega jafnmikið.
- 26.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.3. og skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

C. Séreignardeild

IX. Kafli Um aðild og iðgjöld

- 27. Samningur um lífeyrissparnað, aðild og brottfall aðildar**
- 27.1 Þeir sem vilja greiða til séreignardeildarinnar skulu gera um það sérstakan samning við sjóðinn. Í samningnum skulu tilgreindir allir skilmálar er varða tryggingarverndina, sem og yfirlýsing þess efnis að þeir hlíti samþykktum sjóðsins. Samningarnir skulu gerðir í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 698/1998.
- 27.2 Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til séreignardeildar ~~Lífeyrissjóðs Norðurlands~~ Stapa lífeyrissjóðs telst til rétthafa skv. ákvæðum þeim er gilda um deildina.
- 27.3 Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innistæðu eða réttindum skv. samningi um lífeyrissparnað. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tl. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli rétthafa og maka hans.
- 27.4 Samningi er hægt að segja upp með ~~sex~~ tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu eða réttinda.
- 27.5 Rétthafa er heimilt að flytja inneign sína eða réttindin sín, að undangenginni uppsögn samnings milli vörsluaðila gegn greiðslu þess kostnaðar, sem sjóðurinn áskilur sér vegna flutningsins. Flutningur takmarkast við þá sem geta boðið upp á samning um viðbótartryggingarvernd sbr. 3. mgr. 8.gr. laga nr. 129/1997.
- 27.6 Greiði sá sem segir upp samningi, ekki til tryggingadeildar sjóðsins vegna lágmarkstryggingaverndar, tekur uppsögn samnings ekki gildi fyrr en sá sem segir

upp samningi hefur sannanlega tilkynnt hana til þess lífeyrissjóðs, sem veitir iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar móttöku.

- 27.7 Samningur fellur úr gildi ef réttthafi hættir starfi sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignardeildar [Lífeyrissjóðs Norðurlands, Stapa lífeyrissjóðs](#) nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildarinnar

28. Iðgjöld

- 28.1 Sjóðfélögum sem greiða til tryggingadeildar er heimilt að greiða í séreignardeild iðgjald, sem er umfram lágmarksiðgjald skv. gr. 16.1. Kallast það iðgjald til viðbótartryggingarverndar. Jafnframt er séreignardeildinni heimilt að taka við iðgjöldum til viðbótartryggingarverndar frá einstaklingum sem kaupa lágmarkstryggingarvernd hjá öðrum lífeyrissjóði og séreignarluta lágmarksiðgjalds hjá einstaklingum, þar sem lágmarkstryggingarvernd er sett saman úr séreign og tryggingum í samræmi við ákvæði laga 129/1997.
- 28.2 Launagreiðandi skal halda eftir iðgjaldi launamanns, í samræmi við samning um lífeyrissparnað og skila því ásamt eigin mótframlagi til sjóðsins. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en 1 mánuður og skal gjalddagi vera 10. dagur næsta mánaðar eftir launamánuð. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar.
- 28.3 Iðgjöld sem réttthafi skal sjálfur standa skil á vegna eigin starfsemi, skulu greidd með sama hætti, nema öðru vísi sé ákveðið í sparnaðarsamningi aðila.
- 28.4 Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skal senda greiðandi rétthöfum yfirlit yfir greidd iðgjöld og ávöxtun þeirra.
- 28.5 Lendi iðgjöld, skv. gildandi sparnaðarsamningum í vanskilum skulu þau innheimt hjá launagreiðanda með sama hætti og iðgjöld til tryggingadeildar sjóðsins og gilda ákvæði greina 16.8 og 16.9 einnig um innheimtu iðgjalda til séreignardeildar. Iðgjöld sem greidd eru eftir eindaga skulu greiðast með vanskilavöxtum frá gjalddaga að telja.

X. Kafli

Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur í séreignardeild

29. Lífeyrisréttindi

- 29.1 Við framlag í séreignardeild skulu réttindi hvers og eins myndast í samræmi við greiðslur hans. Lífeyrisréttindi miðast við innborguð iðgjöld og ávöxtun þeirra. Réttindi vegna greiðslna miðast við greiðsludag.
- 29.2 Færður skal sérreikningur fyrir iðgjald hvers réttthafa í séreignardeild. Heimilt er að bjóða upp á mismunandi verðbréfasöfn, sem réttthafar geta valið á milli. Sé boðið upp á mismunandi verðbréfasöfn, skal tilgreina það safn, sem valið er á samningi réttthafa um séreignarsparnað. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu fyrir þau söfn, sem sjóðurinn býður og skal hún vera innan þeirra marka, sem ákveðin eru í 6. grein. Auk iðgjalds réttthafa skal færa á

sérreikning hans vexti í samræmi við ávöxtun þess safns sem hann hefur valið að frádregnum kostnaði við umsýslu og rekstur deildarinnar.

- 29.3 Lífeyrissjóðnum er heimilt að fenginni skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga að draga frá inngreiddum iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar. Sjóðurinn skal eiga aðild að samningi um kaup á slíkum tryggingum. Bætur skv. slíkum tryggingum skulu greiddar inn á séreignarreikning viðkomandi rétthafa. Um útborgun gilda ákvæði II. kafla laga nr. 129/1997.

30. Lífeyrisgreiðslur

- 30.1 Hefja má úttekt á innistæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, en þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. greinum 30.2, 30.3 eða 30.4.

- 30.2 Rétthafi, sem orðinn er fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda út.

- 30.3 Verði rétthafi fyrir orkutapi sem metið er 100%, á hann rétt á að fá inneign sína greidda út með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða þeim tíma sem vantar uppá að 60 ára aldur. Nú er örorka metinn lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og úttektartíminn lengist samsvarandi.

- 30.4 Við andlát rétthafa, fellur inneign hans í séreignardeildinni til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. ~~Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innistæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.~~

- ~~30.5 Með jöfnum greiðslum skv. gr. 30.2, 30.3 og 30.4 er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðslumánaða eða greiðsluára, þannig að rétthafi fá á hverjum mánuði eða ári þann hluta af inneigninni, sem samsvarar tölu þeirra mánaða eða ára er eftirstanda af endurgreiðslutímanum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði gr. 30.2, 30.3 og 30.4 um lágmarkstíma, eða til æviloka.~~

~~30.6—~~

Samþykkt á ársfundi sjóðsins ~~286.~~ maí 201009

VIÐAUKI A

Réttindatölur sem gilda frá og með 1. janúar 2007

TAFLA I Árlegur lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Lífeyris- Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi
16	3.297	26	2.107	36	1.452	46	1.135	56	953	66	776
17	3.185	27	2.019	37	1.409	47	1.113	57	937	67	
18	3.068	28	1.936	38	1.370	48	1.093	58	921	68	
19	2.924	29	1.859	39	1.333	49	1.073	59	905	69	
20	2.783	30	1.787	40	1.298	50	1.054	60	888		
21	2.651	31	1.720	41	1.266	51	1.036	61	871		
22	2.528	32	1.660	42	1.236	52	1.018	62	854		
23	2.412	33	1.602	43	1.209	53	1.001	63	835		
24	2.304	34	1.548	44	1.183	54	986	64	816		
25	2.202	35	1.499	45	1.159	55	970	65	797		

TAFLA I Árlegur lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Lífeyris- Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi
16	3.251	26	2.077	36	1.432	46	1.119	56	940	66	765
17	3.140	27	1.991	37	1.389	47	1.097	57	924	67	
18	3.025	28	1.909	38	1.351	48	1.078	58	908	68	
19	2.883	29	1.833	39	1.314	49	1.058	59	892	69	
20	2.744	30	1.762	40	1.280	50	1.039	60	876		
21	2.614	31	1.696	41	1.248	51	1.021	61	859		
22	2.493	32	1.637	42	1.219	52	1.004	62	842		
23	2.378	33	1.580	43	1.192	53	987	63	823		
24	2.272	34	1.526	44	1.166	54	972	64	805		
25	2.171	35	1.478	45	1.143	55	956	65	786		

Jafnvinnsluréttindi eru 1.265283 krónur fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald.

TAFLA II Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur

Taka ellilíf- eyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
66-67 ára	0,72%	66	8,64%
65-66 ára	0,64%	65	16,32%
64-65 ára	0,57%	64	23,16%
63-64 ára	0,52%	63	29,40%

Formatted: Centered

62-63 ára	0,47%	62	35,04%
61-62 ára	0,42%	61	40,08%
60-61 ára	0,38%	60	44,64%

TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,66%	68	7,92%
68-69 ára	0,75%	69	16,92%
69-70 ára	0,85%	70	27,12%

Tafla IV Árlegur lífeyrir frá 68 til 70 ára aldurs fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Aldur	Lífeyris- réttindi	Taka lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Samtals hækkun við aldur	
				69	70
67	803	68	0,69%	8,28%	16,92%
68	831	69	0,72%		8,64%
69	862	70			

Viðauki B

Reiknigrunnur Stapa lífeyrissjóðs sem gildir fyrir réttindainnvinnslu og tilheyrandi skuldbindingar frá og með 1. janúar 2007:

Skýrgreiningar

x aldur sjóðfélaga

h_x aldur maka sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

R_x^e árleg ellilífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

$R_x^{\bar{o}}$ árleg örorkulífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

$R_{h_x}^m$ árleg makalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

R_x^{bd} árleg barnalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga vegna andláts

R_x^{bi} árleg barnalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga vegna örorku

I_x árlegt iðgjald x ára sjóðfélaga

$$v = \frac{1}{1+0,035} \text{ afvöxtunarstuðull miðað við 3,5\% ársvexti}$$

l_x eftirlifendafall sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

l_{h_x} eftirlifendafall maka sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

l_x^a eftirlifendafall vinnufærra sjóðfélga skv. gildandi forsendutöflu

g_x hlutfall x ára sjóðfélaga í hjúskap skv. gildandi forsendutöflu

c_x hlutfall x ára sjóðfélaga sem eignast barn skv. gildandi forsendutöflu

Sama dánartíðni er notuð fyrir alla (vinnufæra jafnt sem öryrkja) og ekki er reiknað með endurhæfingu óvinnufærra. Það hefur verið reiknað með þessu við gerð örorkutíðni grunntafna Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Árleg lífeyrisréttindi eru áunnin réttindi samkvæmt réttindabókheldi sjóðsins með viðbót samkvæmt framreikningi þegar reikna skal heildarskuldbindingu sjóðsins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal í útreikningi bæta við skráð áunnin réttindi það sem á vantar samkvæmt hans mati að iðgjöld fyrir tímabil fram að viðmiðunardagsetningu úttektar hafi skilað sér og skal í því sambandi gæta að samræmi við iðgjöld ársins samkvæmt ársreikningi. Framreiknuð réttindi og verðmæti framtíðariðgjalda miða við að sjóðfélagar muni vinna sér inn réttindi fram til 67 ára aldurs fyrir sama iðgjald og þeir greiddu til sjóðsins síðasta almanaksárið fyrir úttektina. Skal þar einnig í útreikningi áætla viðbót við skráð iðgjöld samkvæmt réttindabókheldi samkvæmt mati tryggingastærðfræðings. Réttindi og viðmiðunariðgjöld skal reikna á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar næsta dag eftir viðmiðunardagsetningu úttektar. Áætlun um viðbætur skal í útreikningi dreifast hlutfallslega jafnt á þá sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins síðasta almanaksárið fyrir næsta dag eftir viðmiðunardagsetningu úttektar.

Skuldbinding x ára sjóðfélaga er gefin sem

$$k_x = e_x + \ddot{o}_x + m_x + b_x$$

Skuldbinding vegna ævilangs ellilífeyris er gefin sem

$$e_x = \sum_{i=0}^{\text{int}(105-\max(67,x))} R_{\max(67,x)+i+0,5}^e \cdot \frac{v^{\max(67,x)-x+i+0,5} \cdot \ell_{\max(67,x)+i+0,5}}{\ell_x},$$

Skuldbinding vegna örorkulífeyris er gefin sem

$$\ddot{o}_x = \ddot{o}_x^0 + (\ddot{o}_x^1 - \ddot{o}_x^0) \cdot (1 - x + \text{int}(x))$$

þar sem

$$\ddot{o}_x^j = \sum_{i=0}^{\text{int}(66-x+j)} R_{x+i+0,5}^{\ddot{o}} \cdot v^{i+0,5} \cdot \left(\frac{\ell_{x+i+0,5}}{\ell_x} - \frac{\ell_{x+i+0,5}^a}{\ell_x^a} \right),$$

Skuldbinding vegna makalífeyris er gefin sem

$$m_x = \sum_{i=0}^{105-\text{int}(x)} skb_x^i \cdot (smn_{x+i+\frac{1}{2}} + smb_{x+i+\frac{1}{2}} + sm\ddot{o}_{x+i+\frac{1}{2}})$$

þar sem

$$skb_x^i = \frac{\ell_{x+i} - \ell_{x+i+1}}{\ell_x} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} \cdot g_{x+i+\frac{1}{2}}$$

$$smn_x = \sum_{i=0}^2 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} v^{i+\frac{1}{2}} + \frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$smb_x = \frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot hb_x^i \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} + \sum_{i=5}^{18} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot hb_x^i \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$sm\ddot{o}_x = \left(\frac{\ell_{h_x}}{\ell_{h_0}} - \frac{\ell_{h_x}^a}{\ell_{h_0}^a} \right) \left(\frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot eb_x^i + \sum_{i=5}^{18} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot eb_x^i + \sum_{i=19}^{65} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} \right)$$

$$eb_x^i = (1 - hb_x^i) \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$hb_x^i = 1 - \prod_{j=0}^{19} (1 - c_{x+i-j}),$$

Skuldbinding vegna barnalífeyris er gefin sem

$$b_x = b_x^d + b_x^i$$

þar sem

$$b_x^d = \sum_{i=0}^{105-\text{int}(x)} R_{x+i+0,5}^{bd} \cdot \frac{\ell_{\min(65;x+i)}^a}{\ell_x^a} \cdot \frac{\ell_{x+i} - \ell_{x+i+1}}{\ell_{\min(65;x+i)}} \cdot v^{i+0,5} \cdot ab_{x+i}$$

$$b_x^i = \sum_{i=0}^{65-\text{int}(x)} R_{x+i+0,5}^{bi} \cdot \left(\frac{\ell_{x+i}^a - \ell_{x+i+1}^a}{\ell_x^a} - \frac{\ell_{x+i}^a}{\ell_x^a} \cdot \frac{\ell_{x+i} - \ell_{x+i+1}}{\ell_{x+i}} \right) \cdot v^{i+0,5} \cdot ab_{x+i}$$

$$ab_x = \sum_{j=0}^{19} c_{\max(x+j-19;0)} \cdot \frac{1-v^{j+1}}{1-v}$$

Núvirði iðgjalda er gefið sem

$$p_x = p_x^0 + (p_x^1 - p_x^0) \cdot (1 - x + \text{int}(x))$$

þar sem

$$p_x^j = \sum_{i=0}^{\text{int}(66-x+j)} I_{x+i+0,5} \cdot v^{i+0,5} \cdot \frac{\ell_{x+i+0,5}^a}{\ell_x^a}$$

Útreikningur á réttindatöflum

Árlega skal reikna hlutfall framtíðarskuldbindinga kvenna og karla af samtals framtíðarskuldbindingum, *fhlutfall* og *mhlutfall*.

Grunnréttindatöflu sjóðsins (Tafla I í Viðauka A) fyrir sjóðfélaga yngri en 65 ára skal reikna árlega samkvæmt

$$r_x^{\text{tafla}} = 0,96 \cdot \text{round}(fhlutfall \cdot r_x^{\text{konur}} + mhlutfall \cdot r_x^{\text{karlar}}; 4)$$

þar sem

$$r_x = \frac{p_x}{k_x} - \frac{p_{x+1}}{k_{x+1}} \text{ er reiknað annars vegar fyrir karla og hins vegar fyrir konur fyrir heiltölugildi á } x \text{ frá}$$

og með 16 til og með 66 þar sem reiknað er með 1 í árlegt iðgjald og 1 í árleg elliréttindi, 1 í árleg óskert örorkulífeyrisréttindi, 0,5 í árleg óskert makalífeyrisréttindi og 0,1 í árleg óskert barnalífeyrisréttindi.

Réttindatafla fyrir sjóðfélaga á aldrinum 67 til 69 ára (Tafla IV í Viðauka A) er reiknuð á sama hátt og grunntaflan nema hvað núvirði iðgjalda er reiknað fyrir eitt ár í senn og gert ráð fyrir að taka ellilífeyris hefjist á næsta afmælisdegi, það er gert er ráð fyrir 68 ára ellilífeyrisaldri fyrir 67 ára, 69 ára ellilífeyrisaldri fyrir 68 ára o.s.frv.

Lækkunar- og hækkunarstuðla ellilífeyris í Töflum II til IV í Viðauka A skal reikna þannig að fundnar eru lækkunar- eða hækkunarprósentur á mánuði fyrir hvert aldursár sem líður frá ætluðum ellilífeyrisaldri. Summa þessara prósentu segir til um samtals hækkun eða lækkun ellilífeyris í samræmi við samtals fjölda mánaða eftir aldursárum frá ætluðum ellilífeyrisaldri.

Reiknuð eru hlutföllin

$$F_{67+j} = fhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{67+i+0,5} \cdot I_{67+i+0,5}^{konur}}{\sum_{i=0}^{40} v^{67+j+i+0,5} \cdot I_{67+j+i+0,5}^{konur}} + mhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{67+i+0,5} \cdot I_{67+i+0,5}^{karlar}}{\sum_{i=0}^{40} v^{67+j+i+0,5} \cdot I_{67+j+i+0,5}^{karlar}}$$

fyrir heiltölugildi $-5 \leq j \leq 2$

Lækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu II eru fundnir samkvæmt

$$f_{67+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{67+j} - F_{67+j+1}}{12} \cdot 1, 1; 4 \right\} \text{ fyrir } -5 \leq j \leq -1$$

þar sem $j = -1$ gefur lækkun fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er flýtt frá 67 ára aldri á 66. aldursárinu, $j = -2$ lækkun fyrir hvern mánuð á 65. aldursárinu o.s.frv..

Hækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu III eru fundnir samkvæmt

$$f_{67+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{67+j} - F_{67+j+1}}{12} \cdot 0, 9; 4 \right\} \text{ fyrir } 0 \leq j \leq 2$$

þar sem $j = 0$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað frá 67 ára aldri á 67. aldursárinu, $j = 1$ hækkun fyrir hvern mánuð á 68. aldursárinu o.s.frv..

Í Töflu IV er gert ráð fyrir að taka ellilífeyris vegna innvinnslu réttinda á hverju aldursári eftir 67 ára aldur hefjist á næsta afmælisdegi. Ef töku ellilífeyris er frestað frá því sem gert er ráð fyrir í töflunni er hækkun fyrir hvern frestunarmánuð næsta aldursárið reiknuð á eftirfarandi hátt. Reiknuð eru hlutföllin

$$F_{68+j} = fhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{68+j+i+0,5} \cdot I_{68+j+i+0,5}^{konur}}{\sum_{i=0}^{40} v^{69+j+i+0,5} \cdot I_{69+j+i+0,5}^{konur}} + mhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{68+j+i+0,5} \cdot I_{68+j+i+0,5}^{karlar}}{\sum_{i=0}^{40} v^{69+j+i+0,5} \cdot I_{69+j+i+0,5}^{karlar}}$$

fyrir heiltölugildi $0 \leq j \leq 1$

og hækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu IV eru fundnir samkvæmt

$$f_{68+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{68+j} - 1}{12} \cdot 0, 9; 4 \right\} \text{ fyrir } 0 \leq j \leq 1$$

þar sem $j = 0$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku er frestað frá 68 ára aldri fyrir 68. aldursárið, $j = 1$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku er frestað frá 69 ára aldri fyrir 69. aldursárið. Ef töku ellilífeyris er síðan frestað um meira en eitt ár þá eru notaðir sömu hækkunarstuðlar og reiknaðir voru fyrir frestun aldursárið eftir næsta ellilífeyrisaldur. Þannig hækka til dæmis réttindi sem voru áunnin á 67. aldursári samkvæmt mánaðarstuðlum fyrir $j = 0$, fyrstu tólf frestunarmánuðina, samkvæmt $j = 1$ næstu tólf frestunarmánuðina o.s.frv.

Forsendutafla sem gildir frá og með 1. janúar 2007

Gildi fyrir aldur $x+\delta$ þar sem x er heiltala og δ er brot úr ári eru fundin með vegnu meðaltali eða

$$f(x+\delta) = 0,5 \cdot (1-\delta) \cdot (2-\delta) \cdot f(x) + \delta \cdot (2-\delta) \cdot f(x+1) - 0,5 \cdot \delta \cdot (1-\delta) \cdot f(x+2)$$

fyrir eftirlifendaföllin, $0 \leq \delta \leq 2$, og fyrir hin föllin

$$f(x+\delta) = f(x) + (f(x+1) - f(x)) \cdot \delta, 0 \leq \delta \leq 1$$

<i>x</i>	<i>l</i> karlar	<i>l</i> konur	<i>f</i> ^l karlar	<i>f</i> ^l konur	<i>c</i> karlar	<i>c</i> konur	<i>g</i> karlar	<i>g</i> konur	<i>h</i> karlar	<i>h</i> konur
0	100.000,00	100.000,00	100.000,00	100.000,00	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,00	0,00
1	99.927,45	99.982,08	99.917,45	99.972,08	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	1,00	1,00
2	99.854,90	99.964,01	99.834,93	99.944,02	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	2,00	2,00
3	99.782,36	99.945,78	99.752,43	99.915,80	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	3,00	3,00
4	99.709,82	99.927,37	99.669,94	99.887,40	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	4,00	4,00
5	99.637,27	99.908,77	99.587,46	99.858,82	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	5,00	5,00
6	99.564,69	99.889,95	99.504,97	99.830,03	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	6,00	6,00
7	99.492,09	99.870,90	99.422,47	99.801,01	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	7,00	7,00
8	99.419,44	99.851,60	99.339,93	99.771,75	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	8,00	8,00
9	99.346,73	99.832,02	99.257,35	99.742,22	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	9,00	9,00
10	99.273,95	99.812,15	99.174,72	99.712,39	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	10,00	10,00
11	99.201,08	99.791,94	99.092,02	99.682,23	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	11,00	11,00
12	99.128,09	99.771,37	99.009,21	99.651,71	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	12,00	12,00
13	99.054,97	99.750,41	98.926,28	99.620,86	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	13,00	13,00
14	98.981,68	99.729,01	98.843,24	99.589,42	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	14,00	14,00
15	98.908,20	99.707,14	98.759,89	99.557,49	0,0005	0,0018	0,0000	0,0000	15,49	18,72
16	98.834,49	99.684,75	98.676,36	99.525,98	0,0017	0,0050	0,0000	0,0000	16,40	19,67
17	98.760,51	99.661,79	98.593,16	99.491,91	0,0047	0,0109	0,0041	0,0209	17,31	20,63
18	98.686,21	99.638,21	98.508,33	99.458,43	0,0103	0,0204	0,0274	0,0646	18,22	21,58
19	98.611,55	99.613,95	98.423,86	99.415,22	0,0191	0,0337	0,0505	0,1078	19,13	22,54
20	98.536,45	99.588,93	98.332,40	99.359,12	0,0310	0,0500	0,0734	0,1505	20,04	23,49
21	98.460,86	99.563,09	98.231,73	99.289,57	0,0454	0,0683	0,0961	0,1927	20,95	24,44
22	98.384,70	99.536,34	98.121,48	99.206,01	0,0613	0,0868	0,1186	0,2345	21,86	25,40
23	98.307,88	99.508,59	98.001,25	99.107,83	0,0774	0,1039	0,1757	0,2897	22,77	26,35
24	98.230,31	99.479,76	97.870,65	98.994,39	0,0927	0,1182	0,2329	0,3454	23,68	27,31
25	98.151,87	99.449,72	97.729,21	98.865,04	0,1059	0,1287	0,2904	0,4016	24,59	28,26
26	98.072,43	99.418,36	97.576,50	98.719,09	0,1166	0,1350	0,3480	0,4584	25,50	29,21
27	97.991,85	99.385,54	97.412,03	98.555,82	0,1241	0,1370	0,4059	0,5158	26,41	30,17
28	97.909,98	99.351,12	97.235,27	98.374,50	0,1286	0,1351	0,4423	0,5461	27,32	31,12
29	97.826,61	99.314,92	97.045,69	98.174,33	0,1300	0,1300	0,4797	0,5770	28,23	32,08
30	97.741,55	99.276,79	96.842,71	97.954,51	0,1287	0,1223	0,5181	0,6086	29,14	33,03
31	97.654,55	99.236,51	96.625,72	97.714,19	0,1251	0,1127	0,5575	0,6407	30,05	33,98
32	97.565,37	99.193,86	96.394,06	97.452,47	0,1197	0,1021	0,5980	0,6735	30,96	34,94
33	97.473,67	99.148,60	96.147,02	97.168,43	0,1128	0,0911	0,6174	0,6862	31,87	35,89
34	97.379,14	99.100,46	95.883,88	96.861,10	0,1050	0,0801	0,6363	0,6986	32,78	36,85
35	97.281,39	99.049,13	95.603,85	96.529,47	0,0967	0,0695	0,6548	0,7107	33,69	37,80
36	97.179,98	98.994,30	95.306,07	96.172,49	0,0881	0,0596	0,6729	0,7224	34,60	38,75
37	97.074,41	98.935,58	94.989,63	95.789,05	0,0795	0,0506	0,6906	0,7338	35,51	39,71
38	96.964,16	98.872,56	94.653,57	95.378,00	0,0712	0,0425	0,6976	0,7344	36,42	40,66
39	96.848,58	98.804,80	94.296,84	94.938,13	0,0633	0,0354	0,7046	0,7350	37,33	41,62

<i>x</i>	<i>l</i> karlar	<i>l</i> konur	<i>l</i> ^o karlar	<i>l</i> ^o konur	<i>c</i> karlar	<i>c</i> konur	<i>g</i> karlar	<i>g</i> konur	<i>h</i> karlar	<i>h</i> konur
40	96.726,98	98.731,79	93.918,33	94.468,21	0,0559	0,0292	0,7116	0,7356	38,24	42,57
41	96.598,59	98.652,96	93.516,85	93.966,89	0,0490	0,0240	0,7186	0,7362	39,15	43,52
42	96.462,51	98.567,71	93.091,09	93.432,84	0,0428	0,0195	0,7256	0,7367	40,06	44,48
43	96.317,76	98.475,33	92.639,68	92.864,61	0,0371	0,0158	0,7302	0,7374	40,97	45,43
44	96.163,23	98.375,06	92.161,13	92.260,72	0,0321	0,0127	0,7350	0,7380	41,88	46,39
45	95.997,66	98.266,05	91.653,84	91.619,62	0,0276	0,0102	0,7400	0,7387	42,79	47,34
46	95.819,69	98.147,35	91.116,09	90.939,69	0,0236	0,0081	0,7454	0,7394	43,70	48,29
47	95.627,73	98.017,91	90.546,04	90.219,27	0,0201	0,0064	0,7509	0,7401	44,61	49,25
48	95.420,06	97.876,56	89.941,68	89.456,58	0,0171	0,0051	0,7531	0,7417	45,52	50,20
49	95.194,73	97.722,01	89.300,90	88.649,84	0,0145	0,0040	0,7553	0,7434	46,43	51,16
50	94.949,57	97.552,80	88.621,41	87.797,15	0,0123	0,0030	0,7576	0,7453	47,34	52,11
51	94.682,18	97.367,34	87.900,75	86.896,57	0,0103	0,0020	0,7601	0,7472	48,25	53,06
52	94.389,87	97.163,84	87.136,30	85.946,08	0,0087	0,0010	0,7627	0,7493	49,16	54,02
53	94.069,66	96.940,33	86.325,25	84.943,61	0,0073	0,0000	0,7617	0,7467	50,07	54,97
54	93.718,28	96.694,61	85.464,62	83.887,04	0,0061	0,0000	0,7605	0,7438	50,98	55,93
55	93.332,08	96.424,24	84.551,24	82.774,17	0,0051	0,0000	0,7593	0,7407	51,89	56,88
56	92.907,03	96.126,52	83.581,74	81.602,77	0,0042	0,0000	0,7579	0,7373	52,80	57,83
57	92.438,73	95.798,47	82.552,57	80.370,58	0,0035	0,0000	0,7563	0,7335	53,71	58,79
58	91.922,30	95.436,76	81.459,99	79.075,30	0,0029	0,0000	0,7560	0,7293	54,62	59,74
59	91.352,47	95.037,72	80.300,10	77.714,63	0,0024	0,0000	0,7556	0,7246	55,53	60,70
60	90.723,42	94.597,30	79.068,83	76.286,28	0,0020	0,0000	0,7552	0,7194	56,44	61,65
61	90.028,88	94.111,05	77.762,02	74.787,99	0,0010	0,0000	0,7547	0,7137	57,35	62,60
62	89.262,05	93.574,04	76.375,36	73.217,58	0,0000	0,0000	0,7542	0,7073	58,26	63,56
63	88.415,59	92.980,84	74.904,54	71.572,93	0,0000	0,0000	0,7543	0,6937	59,17	64,51
64	87.481,71	92.325,55	73.345,23	69.852,11	0,0000	0,0000	0,7543	0,6802	60,08	65,47
65	86.452,05	91.601,66	71.693,18	68.053,33	0,0000	0,0000	0,7544	0,6666	60,99	66,42
66	85.317,87	90.802,10	69.944,34	66.175,08	0,0000	0,0000	0,7545	0,6531	61,90	67,37
67	84.069,98	89.919,20	68.094,91	64.216,15	0,0000	0,0000	0,7546	0,6395	62,81	68,33
68	82.698,91	88.944,64	66.141,52	62.175,72	0,0000	0,0000	0,7491	0,6207	63,72	69,28
69	81.195,01	87.869,49	64.081,37	60.053,47	0,0000	0,0000	0,7434	0,6015	64,63	70,24
70	79.548,60	86.684,21	61.912,39	57.849,65	0,0000	0,0000	0,7374	0,5819	65,54	71,19
71	77.750,18	85.378,66	59.633,46	55.565,24	0,0000	0,0000	0,7311	0,5619	66,45	72,14
72	75.790,70	83.942,20	57.244,67	53.202,04	0,0000	0,0000	0,7246	0,5414	67,36	73,10
73	73.661,86	82.363,77	54.747,49	50.762,85	0,0000	0,0000	0,7171	0,5174	68,27	74,05
74	71.356,49	80.632,02	52.145,11	48.251,57	0,0000	0,0000	0,7087	0,4911	69,18	75,01
75	68.869,02	78.735,55	49.442,69	45.673,43	0,0000	0,0000	0,6992	0,4623	70,09	75,96
76	66.195,91	76.663,12	46.647,64	43.035,13	0,0000	0,0000	0,6884	0,4307	71,00	76,91
77	63.336,34	74.404,06	43.769,89	40.345,01	0,0000	0,0000	0,6760	0,3957	71,91	77,87
78	60.292,68	71.948,66	40.822,10	37.613,16	0,0000	0,0000	0,6638	0,3730	72,82	78,82
79	57.071,23	69.288,74	37.819,87	34.851,65	0,0000	0,0000	0,6491	0,3470	73,73	79,78

<i>x</i>	<i>l</i> karlar	<i>l</i> konur	<i>f</i> ^o karlar	<i>f</i> ^o konur	<i>c</i> karlar	<i>c</i> konur	<i>g</i> karlar	<i>g</i> konur	<i>h</i> karlar	<i>h</i> konur
80	53.682,82	66.418,30	34.781,83	32.074,54	0,0000	0,0000	0,6313	0,3170	74,64	80,73
81	50.143,36	63.334,27	31.729,58	29.298,00	0,0000	0,0000	0,6091	0,2817	75,55	81,68
82	46.474,41	60.037,43	28.687,59	26.540,21	0,0000	0,0000	0,5809	0,2399	76,46	82,64
83	42.703,45	56.533,35	25.682,80	23.821,28	0,0000	0,0000	0,5656	0,2234	77,37	83,59
84	38.864,01	52.833,46	22.744,15	21.163,00	0,0000	0,0000	0,5462	0,2035	78,28	84,55
85	34.995,41	48.956,07	19.901,73	18.588,42	0,0000	0,0000	0,5210	0,1793	79,19	85,50
86	31.142,18	44.927,35	17.185,88	16.121,29	0,0000	0,0000	0,4868	0,1489	80,10	86,45
87	27.352,96	40.782,05	14.625,95	13.785,34	0,0000	0,0000	0,4377	0,1097	81,01	87,41
88	23.678,96	36.564,00	12.248,97	11.603,34	0,0000	0,0000	0,4352	0,1058	81,92	88,36
89	20.171,85	32.325,90	10.078,25	9.596,05	0,0000	0,0000	0,4317	0,1008	82,83	89,32
90	16.881,30	28.128,61	8.131,97	7.781,04	0,0000	0,0000	0,4267	0,0938	83,74	90,27
91	13.852,22	24.039,36	6.421,97	6.171,53	0,0000	0,0000	0,4186	0,0836	84,65	91,22
92	11.121,88	20.129,03	4.952,83	4.775,24	0,0000	0,0000	0,4036	0,0672	85,56	92,18
93	8.717,33	16.468,36	3.721,41	3.593,62	0,0000	0,0000	0,3932	0,0645	86,47	93,13
94	6.653,26	13.123,25	2.716,97	2.621,27	0,0000	0,0000	0,3782	0,0606	87,38	94,09
95	4.930,85	10.149,39	1.921,88	1.846,06	0,0000	0,0000	0,3553	0,0548	88,29	95,04
96	3.537,65	7.587,05	1.312,95	1.249,74	0,0000	0,0000	0,3153	0,0449	89,20	95,99
97	2.448,79	5.456,51	863,24	809,19	0,0000	0,0000	0,2286	0,0248	90,11	96,95
98	1.629,39	3.755,41	544,15	498,28	0,0000	0,0000	0,2257	0,0242	91,02	97,90
99	1.037,94	2.458,45	327,47	289,91	0,0000	0,0000	0,2212	0,0231	91,93	98,86
100	630,17	1.520,24	187,28	158,21	0,0000	0,0000	0,2134	0,0213	100,00	100,00
101	362,88	880,97	101,28	80,30	0,0000	0,0000	0,1961	0,0172	101,00	101,00
102	197,13	474,11	51,50	37,55	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	102,00	102,00
103	100,43	234,50	24,48	16,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	103,00	103,00
104	47,68	105,34	10,80	6,13	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	104,00	104,00
105	20,95	42,40	4,39	2,09	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	105,00	105,00
106	8,45	15,05	1,63	0,62	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	106,00	106,00
107	3,10	4,63	0,55	0,16	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	107,00	107,00
108	1,03	1,21	0,17	0,03	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	108,00	108,00
109	0,30	0,26	0,04	0,01	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	109,00	109,00
110	0,08	0,05	0,01	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	110,00	110,00
111	0,02	0,01	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	111,00	111,00
112	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	112,00	112,00
113	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	113,00	113,00
114	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	114,00	114,00
115	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	115,00	115,00
116	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	116,00	116,00
117	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	117,00	117,00
118	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	118,00	118,00
119	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	119,00	119,00
120	0,00	0,00	0,00	0,00	0,0000	0,0000	0,1250	0,0000	120,00	120,00

Viðauki C

– Áunnin réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Norðurlands voru hækkuð um 2,75% með samþykkt stjórnar sjóðsins þann 9. mars 2007. Hækkunin var gerð til að samræma réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands vegna sameiningar sjóðanna.

– „Frá 1. maí 2010 að telja verði réttindi og lífeyrir lækkaður um jafngildi þeirrar hækkunar, sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, þar til lækkunin þannig reiknuð, hefur náð 5% (þ.e. þar til vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur hækkað um 5% frá þeirri vísitölu sem tók gildi 1. maí 2010 án þess að lífeyrir eða réttindi hafi hækkað frá því sem þau voru í apríl 2010). Lækki vísitala neysluverðs í einhverjum mánuði áður en ofangreindri 5% lækkun er náð, skal lífeyrir og réttindi ekki lækka, nema að því marki sem lækkun vísitölu neysluverðs verði meiri en sú lækkun sem þegar hefur orðið vegna framangreindra aðgerða. Breytingar þessar taka til lífeyris, sem og til réttinda sem áfallin voru fyrir 1. maí 2010 og til réttinda vegna innborgana til þess tíma er ofangreindri 5% lækkun er náð. Þegar 5% lækkun hefur verið náð skal miðað að hún nái til allra réttinda vegna iðgjalda sem fallin voru í gjalddaga í þeim mánuði Þá er réttindafla sjóðsins skv. viðauka A í samþykktum lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu við aukna ævilengd mv. töflur 2004-2008.“

Formatted: Font: 10 pt, Italic

Formatted: Font: Calibri, 12 pt

Formatted: Icelandic



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

